

Fundur skipulags- og samgönguráðs 3. nóvember 2021:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um borð og bekki fyrir hjólastólanotendur - US210317

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að bekkir og borð sem henta einstaklingum er nýta hjólastóla verði settir upp á völdum stöðum í borgarlandinu (sjá myndir). Lagt er til að leitað verði til Sjálfsbjargar varðandi val og staðsetningu á þessum bekkjum og borðum.



